

er undir áfrýjun, án þess að rjettur hafi verið settur, og vottar hinn reglulegi dómari á dómsgjörðirnar, að dómurinn sje rjett innfærður eptir frumriti setudómarans. Samkvæmt þessu hefur dómur eigi verið lagður á málið í hjeraði, sbr. N. L. 1—5—13, og það enda alls eigi verið tekið þar undir dóm, og verður því ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum. Eptir þessum úrslitum þykir rjett, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 24. ágústmánaðar.

Nr. 27/1896.

Rjettvísinn

gegn

Halldóri Jónssyni.

D ó m u r:

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 14. febr. 1896, var hinn ákærði Halldór Jónsson frá Neðra-Asi dæmdur samkvæmt 250. gr. og 240. gr. sbr. 56. gr. hegningarlagna 25. júní 1869 og með tilvitnun til 63. gr. sömu laga til að sæta 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan kostnað málsins, þar á meðal varnarlaun í hjeraði 8 krónur. Dómi þessum hefur

verið skotið til yfirdómsins bæði fyrir hönd hins ákærða og af hálfu hins opinbera.

Hinum ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru, dómi nje refsingu fyrir nokkurn glæp, er gefið það að sök, að hann hafi heimildarlaust afmarkað undir sitt mark nokkrar kindur, sem fundizt hafa sora-markaðar í hans vörzlum eða undir hans hendi, en sem hann sumpart kannaðist við, að ekki væru sín eign, og sumpart eigi hefur getað gjört grein fyrir, hvernig komið hafi í eigu hans. Í þessu efni hefur hinn ákærði kannazt við það, að hann hafi í haust er leið rekið fjed frá Neðra-Ási úr fyrstu Kolbeinsdalsrjett, og er hann var kominn með það heim að Neðra-Ási, hafi hann rekið það þar inn í fjárrjett, og hafi hann þá markað undir sitt mark veturgamlan sauð, sem var eign prófasts Zophoníasar Haldórssonar; segir ákærði að þetta hafi orðið af ógáti, og hafi hann ætlað að marka undir sitt mark annan sauð, sem hann hafði keypt haustið áður og sem hann átti von á í fjárhóp þessum; þegar er ákærði var búinn að marka sauð prófastsins, þykist hann hafa tekið eptir misgripunum, enda fann hann að vörmu spori í rjettinni sinn eigin sauð, sem hann ætlaði að marka. Hann slepti síðan hinum sora-markaða sauð út úr rjettinni ásamt hinu fjenu, og virðist ákærði síðan ekkert hafa skipt sjer af honum, en manni einum, Tryggva Ólafssyni í Langhúsum, sem spurði hann þar að lútandi, sagði hann þó, að sauðurinn væri sín eign; nokkru síðar frjetti ákærði, að sauður

Þessi hefði komið fyrir niðri í sveit og þekkt þar, og fór hann þá til eigandans, Zophoníasar prófasts, og skýrði honum frá sauðnum, en neitaði því þá, að hann hefði afmarkað hann sjálfur, en nokkru síðar kannaðist hann þó við það fyrir prófasti; var þá sjera Zophonías búinn að fá sauðinn til sín aptur. Það er ekki upplýst annað í málinu en að sauður þessi hafi rekizt með Neðra-Ássfjenu úr rjettunum heim að Neðra-Ási, án þess það hafi verið tilgangur ákærða þá þegar að ná til sín sauðnum. En þar sem ákærði hefur viljað halda því fram, að hann hafi afmarkað sauðinn í ógáti, þá eru engin atvik fram komin í málinu, er styðji þá sögusögn hans, en aðferð hans öll — að hann er aleinn að afmörkuninni og minnst ekki á hana við nokkurn mann, að hann eignar sjer sauðinn við Tryggva Ólafsson, og að hann afsalar sjer sauðnum fyrst er búið var að þekkja hann sem eign prófasts, — bendir aptur á móti til hins, að það hafi verið ætlun hans með afmörkuninni, að kasta eign sinni á sauðinn.

Sama haustið 1895 komu fyrir í Hofstaða- og Hofdalaeyjum 5 lömb og 1 veturgömul kind, er nýlega höfðu verið soramarkaðar undir mark ákærða; það þótti nokkuð vafasamt, að ákærði væri eigandi að kindum þessum, en er hann var spurður um það, lýsti hann þær allar sína eign, nema veturgömlu kindina, sem þó einnig var mörkuð undir hans mark. Þegar til yfirheyrzlu kom þessu viðvíkjandi, þóttist kærði hafa keypt lömb þessi í Kolbeinsdalsrjett 21. sept. f. á., sumpart á upp-

boði, sumpart af einstökum mönnum þar, án þess hann þó gæti tilgreint af hverjum; þóttist hann eigi muna það. Það er nú og upplýst, að hann keypti á uppboði í rjettinni 3 lömb og auk þess 2 lömb af Jóhannesi nokkrum Sigurðssyni; lömbin tjáist hann hafa markað í Hofdölum daginn eptir rjettardaginn, eptir að hann hafði rekið þau þangað úr rjettinni og síðan sleppt þeim með öðru fje, og kemur þetta að nokkru leyti heim við skýrslu Guðmundar bónda Pjeturssonar í Hofdölum. Seinna sama dag í rjettinum 17. okt., og einkum daginn eptir, breytti ákærði skýrslu sinni á þá leið, að hann lýsti því nú yfir, að hann vissi og sæi, að ekkert af greindum 5 lömbum, er hann markaði í Hofdölum, væri sín eign; en ekki gjörði hann frekar grein fyrir, hvernig hann hefði komiðt yfir þau eða hverjir ættu þau. Þessum framburði sínum breytti ákærði enn í næsta rjettarhaldi mánuði síðar, 18. nóv., á þá leið, að hann hafi fengið lömbin á Hofstöðum daginn eptir Kolbeinsdalsrjett hjá Einari nokkrum Guðmundssyni fyrir að þegja yfir því, að Einar og sonur hans hefðu veturinn fyrir stolið frá honum peningum o. fl. úr læstu kofforti, og sumpart sem endurgjald fyrir stuldinn. Kvaðst hann í fyrstu hafa haldið að lömbin væru Einari frjáls, en eptir rjettarhöldin 17. og 18. okt. (sem áður er minnzt á) hafi Einar hitt sig og sagt sjer að hann gæti eigi helgað sjer lömbin. Þessari sögusögn ákærða hefur Einar Guðmundsson fastlega neitað, enda ekkert komið fram í málinu henni til stuðnings. *Við skoðun markfróðra manna

á hinum umgetnu 5 lömbum (markleifum á þeim, fjárbragði) hafa menn þóttzt geta sjeð, hverjir muni hafa verið eigendur lambanna, og hafa lömbin verið afhent mönnum þessum. Um áðurnefnda veturgamla kind, er fannst blóðmörkuð undir mark ákærða ásamt lömbunum, hefur ekkert frekara upplýzt með tilliti til þess, hve nær eða af hverjum hún hafi verið sora-
mörkuð, en ákærði hefur neitað að hafa markað hana undir mark sitt og hefur eigi kallað hana sína eign, enda gjörði annar maður tilkall til hennar sem rjettmætrar eignar sinnar. Þó að nú samkvæmt ofansögðu eigi verði álitin framkomin bein sönnun fyrir því, að ákærði hafi stolið áðurgreindum 5 lömbum, er hann sora-
markaði undir sitt mark í Hofdölum, þá fyrir liggur þó í málinu viðurkenning hans um, að hann hafi breytt marki á lömbunum til að hælga sjer þau, og að lömbin sjeu annara eign, án þess hann viti hverra, og þar sem ákærði enn fremur eigi hefur getað fært til neinar likur, er heimili eða rjettlæti afmörkunina af hans hendi, en hinar ósönnu og hvikulu skýrslur hans fyrir rjettinum um þetta atriði einmitt benda til sektar hans í þessu efni, þá þykir mega álita framkomna næga sönnun gegn honum til þess að hann verði dæmdur fyrir afmörkunina samkvæmt 240. gr. hegningarlanna, sbr. tilsk. 8. sept. 1841, 6. gr.

Auk þessara sora-
mörkuðu lamba, sem Halldór markaði sjer á Hofdölum, voru síðastliðið haust 6 lömb á Bjarnastöðum talin eign ákærða og sora-
mörkuð undir mark hans, og þykist hann hafa

keypt þau í Kolbeinsdalsrjett bæði á uppboði og utan uppboðs, án þess að hann þó hafi getað tilgreint seljendur, enda þykist hann þá hafa verið talsvert drukkinn, og loksins voru í Neðra-Ási 2 lömb, er höfðu verið soramörkuð undir mark ákærða og hann kveðst hafa keypt í sömu rjett; ákærði hefur skýrt frá að hann hafi farið með nokkra peninga til rjettarinnar 21. sept. f. á. til að kaupa þar kindur fyrir, og hafi hann gjört það og borgað kindurnar, því að peningunum hafi hann verið búinn að eyða, er heim kom, en hann hafi verið drukkinn og muni því óglögglega, hve margar kindur hann hafi keypt í rjettinni og alls ekki af hverjum hann hafi keypt þær; kindurnar hafi hann svo markað undir sitt mark, sumpart í rjettinni og sumpart í Neðra-Ási. Þó að framburður ákærða um kindaeign þessa og uppmörkun á þeim sje mjög ófullnægjandi og tortryggilegur, verður hann þó ekki dæmdur fyrir að hafa kastað eign sinni ólöglega á þessar kindur, með því að það er sannað, að hann hafi keypt nokkrar kindur í Kolbeinsdalsrjett, og ekki er ómögulegt, að hann hafi keypt þar fleiri kindur en sannað er, og það á hinn bóginn eigi hefur orðið sannað, að ákærði hafi fengið kindurnar í sínar vörzlur á annan hátt, en hann hefur frá skýrt, því síður að hann hafi í þjófsskyni kastað eign sinni á þær, og geta framlagðar yfirlýsingar frá flestum þeim mönnum, er voru í Kolbeinsdalsrjett 21. sept. f. á., þá er ákærði þykist hafa keypt kindurnar þar, um að þeir hafi ekki selt honum kindur, eigi verið nægi-

legar til þess að fella hann. Þá verður ákærði eigi heldur dæmdur fyrir að hafa kastað ólöglega eign sinni á gimbur, er hittist soramörkuð undir mark hans á Syðri-Brekkum, þar sem hann hefur neitað því, að hann hafi eignast hana að ótrjálsu, og á hinn bóginn það er ekki nægilega sannað, að hún sje eign annars manns. En um allar kindur þær, sem skýrt er frá hjer að framan, ber að geta þess, að eignarheimildir annara að þeim hafa eigi sannast til hlítar, nema að því er snertir sauð Zóphoníasar prófasts Halldórssonar. Þar sem hinum ákærða loksins hefur verið borið það á brýn, að hann hafi fengið annan mann til að gefa rangt skriflegt vottorð um sauðakaup ákærða, þá hefur hinum ákærða í sök þessari eigi verið stefnt fyrir aðra glæpi en kindaþjófnæð og samskonar afbrot, og kemur því þetta síðastnefnda atferli hans eigi undir dóm í þessu máli.

Samkvæmt hinu framanritaða ber að dæma hinn ákærða eptir 240. og 250. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo ber honum og að greiða allan sakarkostnaðinn bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í hjeradi, er þykja eptir atvikum hæfilega ákveðin 8 krónur, og málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Hjeradsdómarinn hefur eigi tekið upp í dóm sinn hið fyrirskipaða vottorð um málsmeðterðina og málsvörnina í hjeradi, sbr. tilsk. 3. júní 1796 § 35, en að öðru

leyti hefur málsmeðferðin þar verið vítalaus, og það vottast, að málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Halldór Jónsson sæti 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði allan kostnað máls þessa bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun við undirrettinn til hins skipaða verjanda, Hallgríms prests Thorlacius, 8 krónur, og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 30/1896:

Rjettvísin
gegn
Jóhanni Pálssyni.

D ó m u r :

Hinn ákærði Jóhann bóndi Pálsson á Goðdal í Strandasýslu er í máli þessu sakaður fyrir það, að hann hafi haft holdlegt samræði við og getið barn með dóttur sinni Jónínu Guðmundínu, sem er heyrnar- og málleysingi, rúmlega tvítug að aldri, og var hann með aukarjettardómi Strandasýslu, uppkveðnum 9. nóvbr. f. á., dæmdur til að sæta 6